Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. október 2025
SN220056
HSG

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 16.10.2025 varðandi eftirfarandi mál:

**USK - Háskólinn í Reykjavík - Breyting á deiliskipulagi vegna borgarlínu og frekari uppbyggingar á svæði 1a og 1b - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. október 2025, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. október 2025 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna Borgarlínu og frekari uppbyggingar á svæði 1a og 1b, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

> Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna því að stækkunarmöguleikar HR aukist með breyttu skipulagi en gagnrýna að ekki sé tekið strax á umferðarmálum á Nauthólsvegi með því að koma fyrir sérakrein fyrir Strætó sem er hagkvæm lausn sem hægt væri að koma í gagnið fljótlega í stað þess að bíða í fleiri ár eftir að fyrsta lota Borgarlínu kemst í gagnið.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.

Reykjavík